

BÍL A V E R K S T Æ Ð I

VARAHLUTIR • VIÐGERÐIR

Sími 564 0400

Bílaraf

www.bilaraf.is

Bílaraf ehf. | Sími 564 0400 | Flatahrauni 25 | 220 Hafnarfjörður

Ísbúðin pín



Opið kl. 13-23

BÆJARHRAUNI 2

ÚTSÖLULOK

Allt að 70% afsláttur

Lifandi laugardagur 4. febrúar



Bjargaði lífi læknis síns

Fumlaus viðbrögð í Suðurbæjarlaug björguðu Geir

Geir Friðgeirsson, 69 ára barnalæknir var eins og oft áður á hlaupabretti í Reebok í Ásvallalaug. Það var sunnudagur og engir starfsmenn lengur í stöðinni. Hann man ekki mikið sjálfur hvað gerðist en skyndilega virðist hjartað fara úr takti og dæli ekki blóði eins og það á að gera. Geir fellur niður og slasast á höfði og ekki hjálpar að hlaupabrettið heldur áfram í heila mínútu. Hann fær brunasár á höndum eftir núning við hlaupabrettið og minni sár á fótum. Er hann þá meðvitundarlaus.

Nærstaddir hlaupta niður eftir hjálp sundlaugarstarfsmanna. Þeir Aron Örn Stefánsson og Bergsveinn Kristinnsson bregðast skjótt við og grípa með sér hjartastuðtæki og eru komnir upp á örskotstundu. Stefán Reynir Stefánsson var að koma inn í stöðina er hann sér til Geirs og þeir hefja strax hjartahnoð. Aron Örn tengir hjartastuðtækið við Geir og það gefur strax

stuð sem kemur hjarta Geirs í eðlilegan takt og það fer að dæla blóði á nýju.

Framhald á bls. 4.



Aron Örn Stefánsson og Geir Friðgeirsson.



Ljúffengar kökur og rjúkandi kaffi

Opið 11-23 og 11-18 um helgar



Strandgötu 29

Jón Arlúss
KÖKULIST



Treystu mér fyrir veislunni!

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

Ninö

Urrandi snilld...

heilsuhús hunda og katta

Dýralæknamiðstöð
Hafnarfjarðar
sími 544 4544

Lækjargötu 34 b
sími 533 2700

Skoðaðu úrvalið á www.as.is

Álfholt 2B



Falleg 98,0 m² 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýli á góðum útsýnisstað. Verð 35,3 millj. kr.

Herjólfsgata 32



Ný 91,8 m² 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngang, sér verönd og sér stæði í bílgeymslu, glæsilegt útsýni. Afhending í mars 2017. Verð 48,9 millj. kr.

Erluás 11



Glæsilegt einbýlishús á frábærum útsýnisstað í Áslandinu. Eignin er samtals 290,7 fm, þar af bílskúr 32,8 m². Möguleiki að útbúa aukaíbúð á neðri hæðinni. Verð 88,9 millj. kr.



Stofnuð 1988

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarkúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, Auglýsingar: 565 3066,
fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandsþóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarkúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði



Ástjarnarkirkja

Sunnudagur 5. febrúar

Sunnudagskóli kl. 11

Gopelhátíð kl. 20
í Haukaheimilinu

www.astjarnarkirkja.is

Fjölmennt ungmennaping



Lífur: Guðni Gíslason

Ungmennaping var haldið miðvikudaginn 25. janúar. Tilgangur þingsins var að fá hugmyndir frá ungu fólki í Hafnarfirði um málefni er þau varða. Þingið er vettvangur ungs fólks til þess að koma saman og ræða á málefnalegan hátt um sín mál ásamt því að setja fram tillögur til úrbóta.

Þrjú umræðuefni urðu fyrir valinu, skólamál, forvarir og umhverfi/skipulag, félagslíf og menning. Nokkuð jafn áhugi var á þessum málefnum og fjörugar umræður en niðurstöður liggja ekki fyrir enn.

Nánar á www.fjardarfrettir.is

Líflegt í Firði

Lifandi laugardagur er í verslunarmiðstöðinni Firði á laugardaginn, útsölulok og aukinn afsláttur af ýmsum vörum. Sirkus Íslands mætir á staðinn kl. 14 og kætir unga sem aldna. Afsláttur er allt að 70% á fjölmörgum vörum og sértíðboð. Kíktu í miðbæinn.

Víðistaðakirkja

Sunnudagur 5. febrúar

Töframessa

Fjölskylduhátíð kl. 11

Einar Mikael

töframaður kemur í heimsókn.

Hressing eftir guðspjónunstu.

Verið velkomin!

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:00.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

Bíblíuleg íhugun og bæn

á þriðjudögum kl. 17:30.

www.vidistadakirkja.is

FRÍMANN & HÁLFÐÁN
ÚTFARARÞJÓNUSTA



ÚTFARARÞJÓNUSTA
HAFNAFJARÐAR



Frímánn
s: 897 2468



Hálfðán
s: 898-5765



Ólaf
s: 898 3075

www.uth.is - uth@uth.is

Stapahrauni 5, Hfj. - Sími 565-9775

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði

Vaktisimar: 565 5892 & 896 8242 • www.utfararstofa.is • Allan sólarhringinn



Sverrir Einarsson



Kristín Ingólfssdóttir



Hilmar Erlendsson

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

ALLIR LESA - LANDSLEIKUR Í LESTRI

STOFNUM LIÐ MEÐ FJÖLSKYLDU OG VINUM OG TÖKUM ÞÁTT!

Landsleikur í lestri stendur yfir dagana 27. janúar - 19. febrúar. Allar tegundir bóka eru gjaldgengar og allir geta tekið þátt. Lestur er lífsins leikur! **Skráning á allirlesa.is**

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 - 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



HAFNARFJÖRÐUR

ÁRSKORT Í LÍKAMSRÆKT OG SUND Á AÐEINS 35.990 KR. (Eingreiðsla)

Það gera aðeins 2.999 kr. á mánuði.

TILBOÐIÐ GILDIR TIL OG MEÐ 6. FEBRÚAR 2017



Korthafar geta pantað sér **ókeypis tíma** með þjálfara. Þú færð kennslu á tækin og sérsniðna æfingaáætlun.

7.-10. bekkur grunnskólaárskort 24.990

Nemendur í 9. og 10. bekk mega æfa sjálfir í GYM heilsu samkvæmt þjálfunaráætlun þjálfara. Nemendur 7. og 8. bekk mega eingöngu æfa í salnum í fylgd fullorðinna/forráðamanna (eldri en 18 ára).

60 ára og eldri hjartanlega velkomnir

60-67 ára árskort á **aðeins 28.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

67 ára og eldri árskort á **aðeins 24.990 kr.** ef komið er fyrir klukkan 15:00.

Bjóðum upp á nýjan, stóran, glæsilegan lóðasal



Kortið gildir í líkamsrækt og sund í **Suðurbæjarlaug** og einnig í sund í **Ásvallalaug**. Hægt er að fara í aðrar GYM heilsustöðvar utan Hafnarfjarðar gegn greiðslu aðgangseyris í sund á viðkomandi stað.

Suðurbæjarlaug / sími 565 3080

www.gymheilsa.is

SÉRSTAKUR HÚSNÆÐISSTUÐNINGUR

RAFRÆNAR UMSÓKNIR Á MÍNUM SÍÐUM Á HAFNARFJÖRDUR.IS

Þeir sem uppfylla sett skilyrði og reglur um sérstakan húsnæðisstuðning geta nú sent inn rafræna umsókn. Þeir sem hafa verið að þiggja stuðning þurfa að endurnýja umsókn sína.

Nánar á hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRDUR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opíð frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



Bjargaði lífi gamla læknis síns

Framhald af forsíðu – Fumlaus viðbrögð og viðbúið starfsfólk varð 69 ára Geir til lífs

Fimm mínútum síðar eru sjúkrabílar komnir á staðinn og tækið aftengt og Geir fluttur á spítala til nánari rannsóknar. Þar er hann svæfður og kældur niður og síðan er hann þræddur en engin merki voru um kransæðastíflu. Hins vegar var Geir með ör á hjarta-vöðva eftir kransæðastíflu 1994 og getur það hafa valdið þessari óreglu. Hafði hann ekki fundið til neins svo fyrirvarinn var enginn.

Læknar fullyrða að fumlaus og hárrétt viðbrögð hafi bjargað lífi hans og ekki síður og hann hafi jafnað sig að fullu.

Starfsfólk Ásvallalaugar fær reglulega námskeið í skyndihjálpi og Aron Örn, sem stjórnaði tækinu, er einn af yngri starfsmönnum laugarinnar en aðeins nokkrum dögum áður hafði verið farið yfir með honum og fleirum notkun tækisins.

FÆTURNIR TITRUÐU

Aron Örn er sagður hafa gengið mjög fumlaust til verks en þegar hann er spurður hvernig honum hafi líðið eftir á sagði hann að fæturnar hefðu verið



Ljóm.: Guðni Gíslason

Barnabörn Geir voru líka þakklát af afa þeirra var bjargað en hér þakkar Geir Aðalsteini Hallgrímssyni forstöðumanni sundlauga Hafnarfjarðar.

farnar að titra og hjartað slegið mjög ört. „Ég hugsaði með mér að ég gæti lánað honum aukaslögin mín,“ segir Aron og segist hafa verið mjög létt þegar hann heyrði að Geir væri kominn á spítalann og væri í lagi. Aron segir skammtilegt til þess að vita að Geir hafi verið barnalæknir hans á fyrstu

æviárunum og mjög þakklátur fyrir að hafa getað komið honum til bjargar.

ÞAKKLÁT

Geir og Kolbrún Þormóðsson eiginkona hans segjast vart geta tjáð þakklæti sitt nægilega og eru mjög þakklát því velþjálfaða fólki sem starfar í Ásvalla-

laug. Mikilvægi þessara sjálfvirkur hjartastuðtækja hafi sýnt sig vel þarna en tækið leiðbeinir líka með hjartahnoð. Færðu þau björgunarfólki Geirs og starfsfólki sundlaugarinnar blóm í þakklætisskyni.

Forsvarsmaður Reebok segir að nú verði svona tæki keypt í allar stöðvar og starfsfólki kennt á þau.

Ólafur Teitur hættir hjá Rio Tinto

Ólafur Teitur Guðnason hefur hætt störfum sem framkvæmdastjóri samskiptasviðs Rio Tinto á Íslandi hf. Hann hefur verið ráðinn aðstoðarmaður yngsta ráðherrans í ríkisstjórn Íslands, Þórdísar Kolbrúnar Reykfjörð Gylfadóttur, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunaráðherra.



Ólafur Teitur var ráðinn til Alcan á Íslandi í október 2008 en hafði áður m.a. starfað sem blaðamaður. Ólafur Teitur er með BA-próf í stjórnmálafræði.

Alcan á Íslandi hf. hét áður Íslenska álfélagið til 2002 en frá 2012 hét það Rio Tinto Alcan á Íslandi hf. en frá 2016 heitir fyrirtækið Rio Tinto á Íslandi hf.



Stefán Reynir Reynisson, Aron Örn Stefánsson, Geir Friðgeirsson og Bergsveinn Kristinsson en sundlaugarverðirnir Aron Örn og Bergsveinn ásamt Stefáni mynduðu nokkurs konar björgunarteymi með hjálpfúst fólki í kring sem meðal annars var í samskiptum við Neyðarlínuna.

Ljóm.: Guðni Gíslason



JOHN WAYNE 200GR



FISH AND CHIPS



PÍTA MEÐ BUFFI/KJÚKLING

Burger★inn

Flatahrauni 5a Hfj. ★ Sími: 555 7030

Opið alla daga frá kl. 11:00 til 22:00

Kíktu á matseðilinn á
www.burgerinn.is



BBQ KJÚKLINGUR Á TEINI



BURGER SALAT



NAUTA SIRLOIN 200GR

Reykjavíkurlaikarnir

Haukar áttu 4 keppendur í karate

Um nýliðna helgi fór fram karate-keppni á Reykjavíkurlaikunum. Haukar áttu fjóra keppendur á mótinu, þau Ali Malaei, Gunnar Inga Ingvarsson, Mána Hrafn Stefánsson og Hjördís Helgu Ægisdóttur. Hjördís keppti í kata í

flokki 14-15 og strákarnir kepptu allir í kumite í flokki 14-15 ára.

Bestum árangri Hafnfirðinganna náði Gunnar Ingi, en hann lenti í 2. sæti í +63 kg flokki 14-15 ára.



AUGLÝSINGAR

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

HEILSUSTEFNA HAFNARFJARÐAR

DRÖG AÐ HEILSUSTEFNU LIGGJA FYRIR OG ERU TILBÚIN TIL RÝNI

Sýn, mat og þátttaka íbúa og allra hagsmunaaðila skipta sveitarfélagið miklu máli. Sjá drög á hafnarfjordur.is
Vinsamlega sendið athugasemdir á hafnarfjordur@hafnarfjordur.is fyrir 6. febrúar.

HAFNARFJARÐARBÆR
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6

ÞJÓNUSTUVER
Opið frá kl. 8.00 – 16.00
Alla virka daga

585 5500
hafnarfjordur.is



SMÁAUGLÝSINGAR

þjónusta

Tölvuaðstoð og viðgerðir

Viðgerðir og kennsla í tölvunotkun.
Apple* & Windows. Kem í heimahús.
Sími 824 9938 - hjalp@gudnason.is

Bílaþríf. Kem og sæki. Tjörureinsun og
bón verndar bílinn. Úrvals efni. Djúphreins-
un. Hagstætt verð. Uppl. í s. 845 2100.

**Tek að mér að færa yfir á (vídeó, slide,
ljósmyndir) DVD diska eða flakkara.**
Sýnishorn á siggileifa.123.is sími 8637265
siggil@simnet.is, Sigurður Þorleifsson.

smáauglýsingar

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is
sími 565 3066

Verð 1.200 kr. m.v. hver 200 slög.
Myndbirting 1.200 kr.

Tapað-fundið og Gefins: FRÍTT

www.fjardarfrettir.is

ÍÞRÓTTIR

Handbolti:

2. feb. kl. 19.30, Ásvellir
Haukar - Stjarnan, úrvals. kvenna

2. feb. kl. 19.30, Framhús
Fram - FH, úrvalsdeild karla

4. feb. kl. 18, Ásvellir
Haukar - Quintus, Evrópuk. kvenna

5. feb. kl. 16, Kaplakriki
FH - Akureyri, úrvalsdeild karla

5. feb. kl. 18, Ásvellir
Quintos - Haukar, Evrópuk. kvenna

5. feb. kl. 19.30, Hlíðarendi
Valur U - FH, 1. deild kvenna

6. feb. kl. 19.30, Seltjarnarnes
Gróttu - Haukar, úrvalsdeild karla

8. feb. kl. 19.30, Varmá
Afturelding - Haukar, bikark. kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - ÍBV: 28-25
FH - Fjölnir: 22-16
Selfoss - Haukar: 28-25

Körfubolti:

3. feb.. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Þór Ak., úrvalsdeild karla

4. feb. kl. 16.30, Ásgarður
Stjarnan - Haukar, úrvalsdeild kvenna

ÚRSLIT KARLA:

KR - Haukar: 77-69

ÚRSLIT KVENNA:

Haukar - Skallagrímur: (miðv.dagur)
Snæfell - Haukar: 73-49
Haukar - Keflavík: 65-68

Fótbolti:

2. feb. kl. 20.15, Kórinn
Stjarnan - FH, Faxafi. mót kvenna

ÚRSLIT KVENNA:

Stjarnan - Haukar: 6-0
FH - Breiðablik: 1-5

Mikilvægi leikskólans í að byggja gott og öflugt samfélag

„Það þarf heilt þorp til að ala upp barn“. Þetta segir í afrísku máltaeki. Leikskólinn er oft fyrsta snerting fjölskyldunnar við uppeldisaðstoðina sem þorpið veitir um leið og hann er fyrsta skólastig barnsins. Foreldrar og leikskólar hefja samvinnu að uppeldi barna frá því þau eru átján mánaða og þar til leikskólagöngu lýkur við fimm eða sex ára aldur og grunnskólinn tekur við.

Árið 2015 voru börn í leikskólum, eldri en tveggja ára á bilinu frá 94% upp í 97% eftir aldri.

Við veltum fyrir okkur hvað það er í samfélaginu sem veldur þessari miklu þátttöku barna í leikskólum landsins því leikskólinn er val foreldra en ekki skylda líkt og grunnskólinn. Atvinnuþátttaka 16-74 ára á Íslandi 2016 var 84,5%, karlar 88,3%, konur 80,6%.

Atvinnuþátttaka foreldra skiptir því augljóslega máli en jafnframt teljum við að trú foreldra á góðri umönnun og kennslu innan leikskólanna hafi áhrif á mikla atvinnuþátttöku þeirra.


HVERJAR ERU
VÆNTINGAR FORELDRA
TIL LEIKSKÓLANS?

Ef við greinum það út frá því hvað það er sem foreldrar spyrja um við upphaf leikskólagöngu, þá er það fyrst áhuginn á að kynna sér innra starf leikskólans, ríkjandi gildi og þá menntun sem þar fer fram.

Í dag er ekki óalgengt að foreldrar komi og skoði leikskóla í nærumhverfi sínu áður en þeir taka ákvörðun um

hvaða leikskóla skuli sótt um. Kröfur foreldra um gæði leikskólastarfsins aukast með hverju ári sem er af hinu góða.

En hvað spyrja foreldrar um þegar þeir skoða skólana.



Ásta María
Björnsdóttir



Særún
Þorlákssdóttir

Spurningarnar eru eins ólíkar og foreldramir eru margir þær eru meðal annars um, dagskipulag skólans, áherslur okkar í skólastarfinu, samskipti, útiveru, hreyfingu, næringu og hvíld.

SAMSKIPTI eru foreldrum hugleikin. Í okkar huga eru jákvæð samskipti og velliðan undirstaðan í öllu starfi með börnum. Í samskiptum afa börn sig í að skiptast á upplýsingum, þau fela einnig í sér að koma til skila hvað það er sem þau vilja og hvernig er gott að koma fram við aðra.

ÚTIVERA, það er eitthvað í menningu landsins sem kallar á útiveru. Það er að minnsta kosti algengt að spurt sé um hvort föst útivera er í skólanum og hve miklum tíma börnin verji til náms og leikja utanhúss.

HREYFING, foreldrar eru áhugasamir um hreyfingu bæði úti og inni.

Spurt er hvort hugað er að hreyfingu í leik barnanna og hvernig aðstaðan er innan skólans til hreyfileikja.

NÆRING, umræðan í samfélaginu um holla fæðu og hreinan mat hefur haft áhrif á foreldra ungra barna einnig umræða um góða meltingu og áhrif hennar á heilsu til langs tíma.

HVÍLD, foreldrar spyrja um hvíld og svefn. Flestir foreldrar eru meðvitaðir um að hvíld er mikilvæg fyrir velliðan barna og að vel hvíld börn eiga auðveldara með að meðtaka nýja hluti.

Meðvitund foreldra um grunnþarfir barna og krafa þeirra um gott atlati og menntun, fyrir börn þeirra er rík.

Við hér í Hafnarfirði getum glaðst yfir því að bærinn hefur gengið til samninga við Embætti Landlæknis um að taka þátt í verkefninu Heilsuefandi samfélag. Þetta mun til framtíðar hafa áhrif á velliðan bæjarbúa og þá ekki sist barna okkar.

Í þessari stuttu grein hefur einungis verið stiklað á stóru og lítið rætt um þær miklu breytingar sem orðið hafa á hlutverki leikskólans, væntingum til hans og viðhorfi til „kennslu“ leikskólans á undangengnum árum. En leikskólasamfélagið er í stöðugri þróun og endurskoðun í takt við tíðarandann. Það eina sem er óumbreytanlegt í umgengni við börn er kærleikurinn.

Hugleiðingar í tilefni af degi leikskólans 6. febrúar 2017.

Höfundar eru leikskólastjórar hjá Hafnarfjarðarbæ.

Styður Björt framtíð 44% launahækkun bæjarfulltrúa?

Í bæjarstjórn Hafnarfjarðar sitja 11 kjörmir fulltrúar. Alla jafna mæta 11 kjörmir fulltrúar á fund bæjarstjórnar.

Það eru ekki alltaf sömu 11 fulltrúarnir því sú staða getur edlilega komið upp að aðalfulltrúi sé forfallaður en þá mættir varamaður í hans stað.

Á síðasta bæjarstjórnarfundi voru hins vegar bara mættir 10 fulltrúar til fundar. Elstu menn muna varla til þess að slíkt hafi gerst áður. Ástæðan var sú að einungis annar fulltrúi Bjartrar framtíðar var mættur. Einar Birkir Einarsson mætti ekki á fundinn af einhverjum ástæðum en hvorugur varabæjarfulltrúanna, Borghildur Sturludóttir eða Pétur Óskarsson, var heldur mættur til fundarins. Nú kann þetta allt að eiga sér eðlilegar skýringar en þessi staða á síðasta bæjarstjórnarfundi verður hins vegar ekki skoðuð nema í

ljósi þess að á fundinum var tekin sú umdeilda ákvörðun að hækka laun bæjarfulltrúa um rúmlega 44%.

STARFSHÓPUR ENN
AÐ STÖRFUM

Árni Rúnar
Þorvaldsson

Ákvörðunin var tekin í miklum ágreiningi í bæjarstjórn þar sem minnihlutinn greiddi atkvæði gegn því að þessi hækkun tæki gildi. Minnihlutinn taldi m.a. fullkomlega óþarft að drífa þessa ákvörðun í gegnum

bæjarstjórn á meðan starfshópur, sem hefur það hlutverk að endurskoða starfsumhverfi og kjör bæjarfulltrúa, væri enn að störfum og einungis nokkrar vikur í að hann ætti að skila niðurstöðum. Formaður starfshópsins er einmitt Einar Birkir Einarsson, bæjarfulltrúi Bjartrar framtíðar.

BARA SJÁLFSTÆÐIS-
FLOKKUR OG GUÐLAUG
KRISTJÁNSDÓTTIR?

Fjarvera aðal- og varabæjarfulltrúa Bjartrar framtíðar þýðir að þessi umdeilda ákvörðun um launahækkun bæjarfulltrúa upp á rúmlega 44%, hefur eingöngu 6 atkvæði meirihlutans á bakvið sig á móti 4 atkvæðum minnihluta Samfylkingar og VG.

Í ljósi þess að eingöngu einn af fjórum aðal- og varafulltrúum Bjartrar framtíðar tók þátt í þessari stóru og umdeildu ákvörðun, finnst mér sú spurning liggja í loftinu hvort Björt framtíð styður 44% launahækkun bæjarfulltrúanna eða hvort hér sé eingöngu um að ræða ákvörðun Sjálfstæðisflokksins og Guðlaugar Kristjánsdóttur?

Höfundur er fulltrúi

Samfylkingarinnar í fjölskylduráði.

Flokkum meira í meistaramánuði!

Nú fer meistaramánuður í hönd og þá er gott að setja sér ný markmið. Margir ákveða að bæta sig í ræktinni og borða hollari mat. Það er verðugt verkefni að flokka meira og minnka plastnotkun og ég hvet Hafnirfóringa til að setja sér ný markmið í endurvinnslu í meistaramánuði.

Í Hafnirfóru eru 7 grenndargámastöðvar sem taka á móti plasti, gleri og pappír. Í miðbænum við Fjörð, við Fjarðar kaup, Sólvang, Bónus á Völlum, 10-11 á Melabraut og í Setbergi. Í Breiðhelli 8-10 er síðan stór móttökustöð sem er opin frá 8-19.30 á virkum dögum.

Sorpa hefur verið að innleiða nýja grenndargáma sem eru mjög snyrtilegir og í undirbúningi er að setja umgjörð í kringum grenndargámana svipað og sést á myndinni. Sumum finnst opin á nýju grenndargámunum vera of lítil en þau eru samkvæmt alþjóðlegum öryggisstöðum sem segja að opið megi ekki vera stærra en 20 cm í þvermál, m.a. til að koma í veg fyrir að börn skriði inn í gámana.

Hjá Gámaþjónustunni er hægt að panta endurvinnslutunnu sem tekur á móti plasti, málum, gleri, pappír og umbúðum og þessi þjónusta hentar þeim sem eiga erfitt með að komast á grenndarstöðvarnar.



Helga
Ingólfssdóttir

Umhverfis- og framkvæmdaráð er nú með í skoðun hvort núverandi staðsetningar á grenndargámum séu hentugar og einnig stendur til að fjölga grenndarstöðvum. Ennfremur er verið að skoða þær leiðir sem önnur sveitarfélög hafa verið að fara eins og Kópavogur sem nú tekur við plasti í blátunnuna og tilraunaverkefni sem Sorpa er með í samvinnu með Seltjarnarnesbæ um hirðingu á plasti frá heimahúsum.

SKILUM PLASTI OG GLERI TIL ENDURVINNSLU OG NOTUM FJÖLNOTAPOKA VIÐ INNKAUP

Á heimasíðu Sorpu eru margvíslegar upplýsingar og þar kemur meðal annars fram að árlega fara um 30 kg af plasti í urðun frá hverjum íbúa á höfuð-

borgarsvæðinu og minna en 2 kg af plasti skila sér til endurvinnslu. Þarna er verk að vinna fyrir okkur íbúana að taka höndum saman og í fyrsta lagi minnka plastnotkun og í öðru lagi skila í flokkun öllum plastumbúðum en efnið er núna ýmist nýtt til endurvinnslu eða orkuvinnslu í Svíþjóð. Fyrir hvert kg af plasti sem fer til endurvinnslu sparast 2 kg af olíu. Fjölnotapokar þegar við förum í búðina er eitt jákvætt og gott skref til að minnka plastnotkun sem margir hafa tileinkað sér. Það er líka mikilvægt að flokka gler en allt gler er endurnýtanlegt sem t.d. fyllingarefni í hljóðmanir og fleira. Efnið kemur í staðinn fyrir mól og þannig er dregið úr námugrefti og þeim áhrifum sem slíkt hefur á umhverfið.

Við innleiðingu blátunnu fyrir nokkrum árum jókst flokkun á pappír verulega og nú er til skoðunar hver verða næstu skref í bættri þjónustu við íbúa þannig að stigin séu örugg skref til aukinnar endurvinnslu fyrir umhverfið og komandi kynslóðir.

Höfundur er bæjarfulltrúi og formaður umhverfis- og framkvæmdaráðs.

Á DÖFINNI

Sundlaugarnótt

„Sundlaugarnótt“ verður í Ásvallalaug á laugardagskvöld – hátíð fyrir alla fjölskylduna. Frítt í sund frá 18 - 23. Anddyri Ásvallalaugar verður lýst upp eins og norðurljóshiminn, sundknattleikur og vatnaboltar, skemmtiatriði úr félagsmiðstöðvunum og tónlist. Sundlaugarnótt er hluti af Vetrarhátíð.

Hafnarborg

Í aðalsal safnsins er sýningin Kvenhetjan með verkum Steingríms Eyfjörð opnuð og í Sverrissal er innsetning Siggú Bjargar Sigurðardóttur.

Sendið tilkynningar um viðburði á fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

FJARÐAR fréttir



Smelltu á
LIKE

og skoðu myndir
á Facebook síðu
Fjarðarfréttar

Rio Tinto



Sumarstörf í Straumsvík

Við leitum að öflugum starfsfólki í fjölbreytt sumarstörf hjá Rio Tinto á Íslandi hf. sem rekur álverið í Straumsvík.

- » Kerskáli, steypuskáli, skautsmíðja og efnisvinnsla
- » Rannsóknarstofa
- » Framleiðsluskipulag, öryggisdeild, birgðahald og innkaup
- » Verkstæði
- » Ýmsir aðrir vinnustaðir

Hjá Rio Tinto er aðallega unnið á þrískiptum eða tvískiptum vöktum en einnig í dagvinnu. Öll störf henta jafnt körlum og konum. Lögð er rík áhersla á öryggismál starfsmanna og markvissa þjálfun í upphafi starfstíma.

Hæfniskröfur:

- » 18 ára og eldri
- » Bílpróf er skilyrði og lyftarapróf er kostur
- » Sterk öryggisvitund
- » Stundvís, frumkvæði og nákvæmni
- » Þarf að gangast undir lækniðsköðun og standast lyfjapróf
- » Hreint sakavottorð
- » Iðnmenntunar er krafist í störf á verkstæði eða að viðkomandi sé í iðnnámi

Sumarstörf eru á tímabilinu 15. maí til 1. sept. eða eftir samkomulagi. Umsóknum skal skilað á www.riotinto.is.

Umsóknarfrestur er til og með 18. febrúar.

Rio Tinto á Íslandi er þekkingarfyrtæki sem rekur álver í Straumsvík. Við bjóðum upp á á margbreytileg störf þar sem hugvit, þekking og kunnáttu starfsmanna gegna lykilhlutverki. Við setjum umhverfis-, öryggis-, og heilbrigðismál í öndvegi og vinnum stöðugt að umbótum á verkferlum og vinnuáferðum. Við leggjum áherslu á að starfa í góðri sátt við umhverfið og samfélagið sem við erum hluti af. Okkar gildi eru: ábyrgð, heilindi, virðing og samvinna.

Rio Tinto
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotinto.is



Yfir 50 fyrirtæki undir sama þaki. Stærri en þig grunar

Útsölulok allt að 70% afslátur

Fyrstir koma fyrstir fá

Lifandi Laugardagur 4. feb.

Sirkus Íslands laugardag kl. 14:00



Fyrirtæki vikunnar Smart Boutique



Tilboð á hönskum 3.450 kr.

HÁDEGIS HLAÐBORD

Súpa & Salat 1,290 kr.

**Nýtt hlaðborð
1.690,-**



SILFUR

ØLSTOFA

◆ HAFNARFJARÐAR ◆

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar

Tilvalinn staður fyrir einkasamkvæmi
stærri og smærri hópa

Happy Hour alla daga frá kl. 16 til 19
og fleiri flott tilboð á barnum

Mikil sala, vantar
allar eignir á skrá,
frítt söluverðmat.

Verðmetum
samdægurs.

Sanngjörn
sölupóknun.

HRAUNHAMAR
FASTEIGNASALA

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is

Stofnuð 1983